

Fimmtudaginn 27. júní 1996.

Nr. 237/1996.

Prentsmiðjan Oddi hf.

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

Flatey hf., bókbandsstofu

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Kærumál. Bein aðfarargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 7. júní 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1996, þar sem tekin er til greina krafa varnaraðila um, að fram fari bein aðfarargerð til að taka úr umráðum sóknaraðila Stahl BL100-bókbandsvél, árgerð 1981, ásamt nánar tilgreindum fylgihlutum. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að gerðin nái ekki fram að ganga og varnaraðila verði gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í málflutningi sóknaraðila hefur ekki verið byggt á því, að veðfengja meg, að með skjali, undirrituðu 29. febrúar og 12. mars 1996, hafi komist á samningur milli hans og Euro Graphic Services B.V., þar sem hann selji hinum síðarnefnda bókbandsvél þá og fylgihluti, sem varnaraðili leitar umráða yfir með máli þessu. Hvorki verður ráðið af samningnum né öðrum gögnum málsins, að sóknaraðili hafi áskilið við kaupin, að viðsemjanda sínum væri óheimilt að endurselja þessa muni hér á landi. Sóknaraðili hefur ekki heldur leitt nægilega í ljós, að viðsemjandanum hafi mátt vera kunnug slík forsenda hans fyrir viðskiptunum.

Euro Graphic Services B.V. seldi umrædda muni varnaraðila með samningi, undirrituðum 29. febrúar og 5. mars 1996. Varnaraðili fékk síðan framseld 22. apríl 1996 réttindi erlenda félagsins samkvæmt samningi þess við sóknaraðila. Varnaraðili hefur efnt þá skyldu, sem hann gekkst þannig undir, til að greiða sóknaraðila umsamið kaupverð, 100.000 þýsk mörk, með geymslugreiðslu í Landsbanka Íslands 26. apríl 1996. Kaupsamningur sóknaraðila við Euro Graphic Services B.V. hefur því verið efndur af varnaraðila, sem tekið hefur við réttindum kaupanda samkvæmt samningnum. Eins og málið liggur fyrir, verður sóknaraðili að teljast bundinn við það, enda hefur hann ekki borið fyrir sig, að ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa eigi við áðurgreindan samning sinn við Euro Graphic Services B.V.

Sóknaraðili hefur meðal annars borið því við sér til varnar, að umrædd bókbandsvél og fylgihlutir hafi ekki tilheyrt sér, heldur félaginu G. Ben.-Eddu hf., og séu þessir munir ekki heldur í vörslum sínum. Þessi staðhæfing sóknaraðila um eignarhald að mununum stangast á við ótvíræð ákvæði fyrrgreinds kaupsamnings og er engum haldbærum gögnum studd. Að frágenginni framangreindri yfirlýsingu sóknaraðila liggur ekki annað fyrir í málinu um, hvar þessir munir eru niður komnir, en ákvæði í samningi sóknaraðila við Euro Graphic Services B.V., þar sem segir, að þeir séu að Höfðabakka 3-7 í Reykjavík, sem í samningnum er tilgreint sem aðsetur sóknaraðila. Getur þessi yfirlýsing sóknaraðila því ekki staðið í vegi kröfu varnaraðila, sem lýtur að því einu, að bókbandsvélin og fylgihlutir verði teknir úr vörslum sóknaraðila, enda er framgangur aðfarargerðar til fullnustu kröfunni háður því, að munirnir verði í vörslum hans, ef til gerðarinnar kemur.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur og sóknaraðila gert að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Prentsmiðjan Oddi hf., greiði varnaraðila, Flat-ey hf., bókbandsstofu, 80.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. maí 1996.**I.**

Mál þetta var þingfest 14. maí síðastliðinn og tekið til úrskurðar 24. sama mánaðar að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Flatey hf., bókbandsstofa, kt. 621082-0199, Þverholti 9, Reykjavík.

Gerðarþoli er Prentsmiðjan Oddi hf., kt. 490269-4019, Höfðabakka 3–7, Reykjavík.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að Stahl BL100-bókbandsvél (book line), árgærð 1981, ásamt eftirgreindum fylgihlutum:

- hleðslubandi, BT 138,
- hitarás, AS 131,
- rúlluborði,
- ruðningi, falsbarningi, grisjustoð, fóðrun, kjölkragalímingarvél, RH 140,
- millifæribaldi, RE 147,
- innsetningarvélbúnaði, EH 152/40, þ. á m. bindainnsetningarvél, DAS,
- færibaldi, EE 155,
- kjölstigsþrykkjara og pressufæribaldi, EP 160,
- staðlaðri bandaafgreiðslu,
- öllum stöðluðum fylgihlutum, þ. á m. varahlutum og fyrirmælabókum, verði tekin með beinni aðfarargærð úr umráðum gerðarþola og fengin gerðarbeiðanda. Þá krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar úr hendi gerðarþola samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Gerðarþoli krefst þess, að kröfu gerðarbeiðanda um, að ofangreind bókbandsvél ásamt fylgihlutum verði tekin úr vörslum gerðarþola með beinni „fógetagerð“ og fengin gerðarbeiðanda til umráða, verði hafnað. Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar að mati dómsins úr hendi gerðarbeiðanda.

II.

Með kaupsamningi 29. febrúar 1996 seldi gerðarþoli hollensku fyrirtæki, Euro Graphic Services B.V. (hér eftir nefnt EGS), sem kaupir og selur notuð tæki til prentaðnaðar víða um lönd, ofangreinda bókbandsvél ásamt fylgihlutum. Umsamið kaupverð var 100.000 þýsk mörk, og skyldi vélin afhent EGS í lok mars 1996.

Með kaupsamningi sama dag seldi hið hollenska fyrirtæki gerðarbeiðanda vélina ásamt fylgihlutum fyrir 120.000 þýsk mörk, og skyldi afhending sömuleiðis fara fram í marslok 1996.

Hinn 22. apríl síðastliðinn framseldi EGS gerðarbeiðanda öll réttindi sín og skyldur samkvæmt kaupsamningi EGS við gerðarþola, og þar á meðal

tók gerðarbeiðandi að sér greiðslu kaupverðs til gerðarþola. Þar sem gerðarþoli neitaði að taka við greiðslu og afhenda vélina, geymslugreiddi gerðarbeiðandi greiðsluna 22. apríl síðastliðinn, 100.000 þýsk mörk, í Landsbanka Íslands. Gerðarþoli neitaði að veita viðtöku kvittun fyrir greiðslunni, og var hún því send honum í ábyrgðarbréfi sama dag.

Í aðfararbeiðni kemur fram, að umrædd vél ásamt fylgibúnaði sé talin vera í starfsstöð gerðarþola að Höfðabakka 3–7 hér í borg.

III.

Gerðarbeiðandi reisir rétt sinn til umræða yfir bókbandsvélinni á samningi gerðarþola við EGS og framsalssamningnum milli EGS og gerðarbeiðanda, en með honum hafi EGS framselt gerðarbeiðanda rétt sinn samkvæmt fyrrnefnda samningnum, þ. e. réttinn til vélarinnar, enda hafi gerðarbeiðandi jafnframt tekið að sér skyldur EGS samkvæmt þeim samningi. Gerðarbeiðandi hafi innt kaupverðið af hendi og þar með orðið eigandi vélarinnar og fylgihluta hennar. Gerðarþoli hafi að öðru leyti í engu svarað eða sinnt áskorunum gerðarbeiðanda um afhendingu vélarinnar, og sé gerðarbeiðanda því nauðsyn að knýja fram rétt sinn til umræða yfir eign sinni með beinni aðfarargerð. Um lagarök vísar gerðarbeiðandi til 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Gerðarþoli vísar til þess, að ekkert samningssamband sé milli sín og gerðarbeiðanda. Þegar gerðarþoli hafi selt EGS vélina, hafi verið áskilið, að hún yrði seld utan Íslands, og hafi það verið veruleg ákvörðunarástæða fyrir samningsgerðinni. Hafi meðalgöngumaður milli gerðarbeiðanda og EGS gefið hinum síðarnefnda misvísandi og rangar upplýsingar, sem leitt hafi til þess, að EGS hafi talið sér heimilt að selja vélina til Íslands.

Þá lýsir gerðarþoli því, að hann hafi verið umboðsmaður G. Ben.-Eddu hf., sem átt hafi vélina, og því sé kröfunni ekki beint réttilega að sér, og leiði það til sýknu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Enn fremur vísar gerðarþoli til þess, að um flókið mál sé að ræða, sem verði ekki leyst úr í einföldu innsetningarmáli. Réttur í slíkum málum þurfi að vera ótvíráður og skýr, og beri því að hafna kröfu gerðarbeiðanda á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989, þar sem gögn málsins beri með sér, að ágreiningur sé um málið og því varhugavert, að gerðin nái fram að ganga.

Um lagarök að öðru leyti vísar gerðarþoli til almennra reglna samningaréttar um umboð og umboðsmennsku, brostnar forsendur við samningsgerð, rangar forsendur, sbr. 21. mgr. 32. gr. laga nr. 7/1936, og svik, sbr. 1. mgr. 30. gr. sömu laga.

IV.

Með kaupsamningi, undirrituðum af EGS 29. febrúar 1996 og fyrirvars-
manni gerðarþola 12. mars sama ár, seldi gerðarþoli, Prentsmiðjan Oddi hf.,
EGS umrædda bókbandsvél fyrir 100.000 þýsk mörk. Ritaði fyrirvarsmað-
ur gerðarþola undir samninginn fyrir hönd hans, og varð samningurinn þar
með skuldbindandi fyrir gerðarþola. Í samningnum er ákvæði um, að
gerðarþoli ábyrgist, að tækin (vélin og fylgibúnaður hennar) séu kvaðalaus
gagnvart þriðja manni. Þá kemur þar fram, að kaupandi skyldi öðlast
eignarhald á hinu keypta eftir greiðslu samanlagðs verðs vélarinnar. Hvergi
er að finna í samningnum bann við því, að kaupandi selji vélina hérlandis.

Hinn 22. apríl 1996 framseldi EGS gerðarbeiðanda öll réttindi sín og
skyldur samkvæmt nefndum kaupsamningi fyrirtækisins við gerðarþola, og
samkvæmt framsalssamningi þessum skyldi gerðarbeiðandi greiða gerðar-
þola 100.000 þýsk mörk, eins og samið hafði verið um milli EGS og gerðar-
þola, áður en bókbandsvélin yrði tekin niður samkvæmt skilmálum kaup-
samningsins. Með framsali þessu komst á samningssamband milli aðila máls
þessa, og er kröfum gerðarbeiðanda því réttilega beint að gerðarþola. Þar
sem gerðarþoli neitaði að taka við umræddri greiðslu úr hendi gerðarbeið-
anda, var hinum síðarnefnda rétt samkvæmt 1. gr. laga nr. 9/1978 um
geymslufé, sbr. 1. gr. laga nr. 57/1993, að inna samningsgreiðslu af hendi í
viðskiptabanka 26. apríl síðastliðinn, svo sem hann og gerði. Jafnframt
sendi gerðarbeiðandi gerðarþola frumrit greiðslukvittunarinnar með
ábyrgðarbréfi sama dag, sbr. 3. mgr. 2. gr. nefndra laga.

Gerðarbeiðandi hefur samkvæmt framansögðu að fullu efnt kaupsam-
ninginn milli EGS og gerðarþola með greiðslu umsamins kaupverðs. Er
gerðarbeiðandi þar með orðinn réttur og lögmætur eigandi bókbandsvélar-
innar og fylgihluta hennar samkvæmt samningnum. Ber því samkvæmt 1.
mgr. 78. gr. laga nr. 90/1989 um aðför að fallast á kröfu hans um, að vélin
ásamt framangreindum fylgibúnaði verði tekin úr umráðum gerðarþola og
fengin gerðarbeiðanda með beinni aðfarargerð.

Eftir þessum úrslitum ber að úrskurða gerðarþola til að greiða gerðar-
beiðanda málskostnað, er telst hæfilega ákveðinn 75.000 kr.

Úrskurðinn kveður upp Helgi I. Jónsson héraðsdómari.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Gerðarbeiðanda, Flatey hf., bókbandsstofu, er heimilt að láta taka
Stahl BL100-bókbandsvél (book line), árgerð 1981, ásamt eftirgreind-
um fylgibúnaði: hleðslubandi, BT 138, hitarás, AS 131, rúlluborði,
ruðningi, falsbarningi, grisjustoð, fóðrun, kjölkragalímingarvél, RH
140, millifæribaldi, RE 147, innsetningarvélbúnaði, EH 152/40,

þ. á m. bindainnsetningarvél, DAS, færibandi, EE 155, kjölstigs-
þrykkjara og pressufæribaldi, EP 160, staðlaðri bandaafgreiðslu, öll-
um stöðluðum fylgihlutum, þ. á m. varahlutum og fyrirmælabókum,
úr vörslum gerðarþola, Prentsmiðjunnar Odda hf., með beinni að-
farargerð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 75.000 kr. í málskostnað.
